

**Haustönn 2012****SAG 2T050 / SAG 273 Síðari heimsstyrjöld****Áfanglýsing:**

Fjallað verður um síðari heimsstyrjöld í víðu samhengi. Reynt verður að grafast fyrir um orsakir og aðdraganda þessa mikla ófriðar sem átti eftir að gerbreyta ásýnd Evrópu allrar. Fjallað verður um atburðarás atakanna og áhrif þeirra í þeim löndum sem styrjöldin snerti, bæði beint og óbeint. Þá verður miklu þúðri eytt í eftirköst styrjaldarinnar, s.s. réttarhöld yfir stríðsglæpamönnum, endurbyggingu þjóðfélaga og pólitíska skipan mála. Kastljósið beinist óhjákvæmilega að þýsku samfélagi frá lokum fyrri heimsstyrjaldar og fram á sjötta áratug 20. aldar.

**Efnisþættir:****I. Aðdragandi styrjaldar**

Evrópa: Versalasalmingur – Ástandið í Þýskalandi eftir fyrri heimsstyrjöld; Adolf Hitler og Mein Kampf; NSDAP kemst til valda; þýskt stjórnkerfi (stofnanir og samtök); „Der Triumph des Willens“, „Olympia“, ríki og landamæri í Evrópu; Mussólini og ævintýri hans; landvinningar Þjóðverja fyrir stríð; „Entartete Kunst“; Sovétríkin á 4. áratugnum.

Asía: Japanir verða vitlausir; æðri kynstofn – eða hvað?

USA: Bandaríkin rétta úr kútnum eftir kreppuna miklu

**II. Stríðið í Evrópu**

Póllandi skipt upp; Finnar í vanda; Belgía, Holland og Frakkland næst í röðinni; Danmörk og Noregur; Hitler og Stalín – friends forever?

**III. Stríðið í Asíu og á Kyrrahafi**

Japanir færa út kvíarnar; Filippseyjar, Singapúr, Burma; Pearl Harbour

**IV. Stríðið í Afríku**

Reiptog í sandi; Marokkó, Alsír, Túnis, Líbía og Egyptaland

**V. Lokalausnin / Die Endlösung**

„Hinn júðski bolsévismi“, „Der ewige Jude“, fangabúðir, útrýmingarbúðir, þýsk stórfyrirtæki græða á gyðingum, Oscar Schindler, David Irving

**VI. Andspyrna í ýmsum löndum**

„Die weisse Rose“, „Die Operation Walküre“, andspyrnuhreyfingar í hernumdum löndum; Danmörk, Noregur, Holland, Frakkland o.s.frv.

**VII. Búið spil – Það er vont að tapa stríði**

Þýskaland gefst upp, eftirstríðsárin í Þýskalandi

### **VIII. Kjarnorkusprengrja**

Ástæðulaus eða ill nauðsyn?

### **IX. Ísland í stríði**

Kreppa og alls kyns eymd, „svo kom blessað stríðið“, brjáláð að gera í Bretavinnu, „ástandið“, mannfali Íslendinga, Íslendingar í fangabúðum Þjóðverja og Breta, nýsköpun atvinnulífs að loknu stríði

### **X. Réttlæti eða hefnd – Uppgjör við fortíðina**

Nürnberg-réttarhöldin, Auschwitz-réttarhöldin, nasistaleiðtogar hundeltir, Simon Wiesenthalstofnunin, Yad Yashem

### **XI. Pólitísk nýskipan að loknu stríði**

Kalt stríð, járnþjald, NATO, Varsjárbandalagið, Sameinuðu þjóðirnar, Austur- og Vestur-Þýskaland, stofnun Ísraelsríkis, Suður- og Norður-Kórea

### **Námsmat:**

Vinnubók 50%, fyrirlestrar og önnur verkefni 50%

### **Vinnulag:**

Áfanginn er að mörgu leyti óhefðbundinn, þ.e. ekkert lokapróf og verkefnafjöldi óljós í upphafi annar. Það reynir því frumkvæði og áhuga nemenda ekki síður en skipulagningu kennarans. Ætlast er til að nemendur glósi í hverri kennslustund, allt sem þar fer fram, hvort sem um er að ræða fyrirlestur kennara, kynningu nemenda, sýningu myndefnis o.s.frv. Slíkar glósur, ásamt öðrum gögnum áfangans, eiga að fara í vinnubókina.